



1997  
1998?

### Fréttatilkynning til fjölmiðla:

„Er vilji fyrir jafnri stöðu kynjanna á Íslandi?“  
Landsfundur Kvennalistans 14. - 16. nóvember

Landsfundur Kvennalistans verður haldinn um helgina undir yfirskriftinni „Er vilji fyrir jafnri stöðu kynjanna á Íslandi?“ Stefnuskrá Kvennalistans er í fullu gildi og því verður dagskrá landsfundarins að mestu helguð jafnréttisbaráttunni. Þrátt fyrir ágæta löggjöf er stada kynjanna langt frá því að geta talist jöfn. Konum og körlum verður æ betur ljóst að úrbætur á því sviði koma ekki konum einum til góða heldur hefur kvenfrelsið einnig frelsandi áhrif á karla. Það er því brýnt að stíga næstu skref. Fundurinn hefst með upptakti því kl. 20:30 á fimmtudagskvöldið 13. nóvember verður haldinn opinn fundur í Norræna húsinu. Þar flytur sænski hagfræðingurinn dr. Agneta Stark fyrirlestur sem hún kallar „Hvernig koma má landsfedrunum á jafnréttisnámskeið“. Aðgangur verður ókeypis og öllum heimill. Á föstudagskvöldi verður farið í Úlfljótsskála í Grafningi. Kvöldið verður helgað ungu konunum, m.a. ætlar kvennahljómsveitin „Á túr“ að spila fyrir fundarkonur. Að loknum ársreikningum, skýrslum og föstum liðum á laugardagsmorgni mun þingflokkur Kvennalistans gera grein fyrir störfum sínum og svara fyrirspurnum. Brynhildur G. Flóvenz lögfræðingur flytur erindi sem hún nefnir „Hvernig getum við bylt jafnréttislögunum?“ en hún hefur verið að bera lögin um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna saman við samkeppnislöggjöfina. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir borgarstjóri kallar sitt erindi „Þegar viljinn er fyrir hendi“ og Ásdís Ólsen fjölmiðlafræðingur talar um „Fjölmiðla — eitthvað fyrir alla, konur og kalla?“ Seinni hluta dags verður unnið í hópum. Á sunnudegi verða framboðsmál og kosningar til umræðu, bæði sveitarstjórnarkosningarnar á næsta ári og alþingiskosningar árið 1999. Með hvaða hætti ætla Kvennalistakonur að láta til sín taka og hvaða mál vega þar þyngst á metunum? Áætlað er að fundinum ljúki kl. 16:00 á sunnudag.

Ath. Fjölmiðlafólki er velkomið að fylgjast með störfum landsfundar alla helgina

F. h. Samtaka um kvennalista, Áslaug Thorlacius framkvæmdastjóri